

Tíminn

Utgefandi: Framsóknarflokkurinn

Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórnar: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökullsson. Bládamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Orn Pétursson (Íþróttir), Skafti Jónsson. Utlitsteiknunar: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Agústsson, Elin Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarar: Flósi Kristjánsson, Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.

Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 6.00. Askritfargjald á mánuði: kr. 100.00 — Prentun: Bláaprent hf.

El Salvador

■ Fyrir nokkru svaraði Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra í Sameinuðu þingi fyrirspurn frá Kjartani Jóhannssyni um afstöðu ríkisstjórnarinnar til atburðanna í El Salvador. Í svari sínu fórust utanríkisráðherra m.a. orð á þessa leið:

„Þessi mál hafa ekki verið rædd innan ríkisstjórnarinnar, en ég og ráðuneyti mitt höfum fylgt með þróun mála í El Salvador eins og kostur hefur verið. Í því sambandi vil ég þó strax taka fram að fréttir af atburðum í El Salvador hafa oft verið af fremur skörnum skammti og oft litaðar af sjónarmiðum þess deiluaðila, sem komið hefur þeim á framfæri.

Undirrót þess skelfingarástands, sem ríkt hefur í El Salvador, er án alls vafa hið gifurlega þjóðfélagslega óréttlæti, sem þar hefur viðgengist, og það hyldýpi, sem skilur hina fámennu yfirstétt frá öllum landslýð.

Þó að fréttum frá El Salvador verði að taka með fyrirvara, er auðvitað ljóst, að í landinu er háð borgarastyrjöld, og herforingjastjórnin er hrein ógnarstjórn. Herforingjastjórnin hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir endurbótum, m.a. með því að taka landsvæði úr höndum stærstu landeigendanna og skipta þeim milli smábænda og jafnframt að efna til lýðræðislegra kosninga í landinu í marz á næsta ári. Framkvæmd þessara fyrirheita er óhjákvæmilega í algerri óvissu meðan óöld ríkir í landinu og því hlýtur fyrsta skrefið að verða að reyna að stilla til friðar milli stríðandi afla og koma á almennum mannréttindum.

Astandið í El Salvador hefur verið til umræðu hjá Sameinuðu þjóðunum, bæði á allsherjarþinginu 1980 og 1981. Á báðum þessum þingum hafa komið fram ályktunartillögur, sem fyrst og fremst harma það ástand ofbeldis og mannfyrirlitningar, sem ríkir í El Salvador, beina því til ríkisstjórnar landsins að bæta úr ástandinu og leita sætta, en jafnframt er í tillögunum skorað á ríkisstjórnir annarra ríkja að senda ekki vopn til El Salvador eða veita deiluaðilum þar aðra hernáðarstöð.

Ennfremur er í þessum ályktunartillögum undirstrikað, að það séu eingöngu íbúar El Salvador sjálfir, sem ákveða eigi stöðu sína og framtíð, án afskipta nokkurra utanaðkomandi aðila, en að mannréttindanevnd Sameinuðu þjóðanna beri að fylgjast náið með þeirri þróun, sem þar verður á næstunni í framkvæmd mannréttinda og annarra grundvallaratriða mannfrelsis.

Ísland hefur lýst yfir fullum stuðningi við þessar ályktunartillögur og greitt þeim atkvæði og hafa þær báðar hlotið samþykki allsherjarþingsins.

Síðustu fréttir frá El Salvador benda til þess að enn fari ástandið þar versnandi. Því ber að leggja aukna áherzlu á, að erlend ríki hætti öllum vopnaflutningum þangað, eins og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur ályktað, en í staðinn verði unnið að sáttum milli þeirra aðila, sem þar eigast við.

P.P.

menningarmál

Matthías Jóhannesson:

Ólafur Thors.

Ævi og störf.

1. og II.

Almenna bókafélagið.

■ Enda þótt talsvert hafi verið skrifað um þetta rit þykir mér ástæða til að taka þátt í þeirri umræðu. Veldur þar nokkru um að fólk sem lagt hefur stund á sagnfræði hefur farið viðurkenningarorðum um verkið eins og það væri merkilegt í þjónustu sagnfræðinnar.

Nú er ekki því að neita að þarna er saman kominn mikill fróðleikur sem varðar stjórnmálasöguna. Þarna er endurprentað þýsna mikið úr blaðagreinum eftir Ólaf Thors og ræðum hans samkvæmt Morgunblaðinu og Alþingistíðindum. Þar við bætist svo drjúgur skerfur úr einkabréfum og minnisblöðum Ólafs. Allt er þetta heimildir en úr þeim er löngum lítið unnið. Og stundum er þetta meiri heimild um það hverju Ólafur Thors trúði, en hvað raunverulega átti sér stað.

Sjálftæðisflokkur og sjálftæðismál

Matthías segir að sjálftæðismálin hafi verið helsta baráttumál Sjálftæðisflokksins fyrstu árin eftir stofnun hans.

Við hverja var þá verið að berjast?

Ég hef síðan ég las þetta spurt nokkra menn sem muna nokkuð langt hvort þeir hafi heyrt nokkurn mann gera ráð fyrir öðru en Ísland yrði lýðveldi þegar tími sambandslaganna væri runnin út. Ég hef engan vitað gera ráð fyrir öðru. Matthías telur þó að einhverjir menn í Sjálftæðisflokknum hafi hugsað sér framhald á konungssambandi. En hvergi man ég til að talað væri fyrir því. Slíkt hefur því farið hljóðlega.

Ég held því að það sé alveg rétt sem Matthías hefur eftir Sveini Björnssyni að úrslit sjálftæðismálsins hafi verið ráðin með sambandslögunum 1918 þó að 25 ára biðtími væri þar áskilinn.

Hitt er svo annað mál að Ólafur Thors kann að hafa ímyndað sér að Sveinn Björnsson hafi viljað halda konungssambandinu við.

Matthías ræðir um áhuga þeirra Ólafs Thors, Bjarna Benediktssonar og Jónasar frá Hriflu að lysa yfir lýðveldisstofnun 1942 vegna vanefnda Dana. Man ég vel átökin um þann þátt skilnaðarmálsins á flokksþingi Framsóknarmanna 1941. Jónas frá Hriflu var þá enn formaður flokksins. Hann talaði um að Ísland mætti ekki „liggja eins og illa gerður hlutur“ við styrjaldarlok.

Frá einni hlið

Mér hefur alltaf fundist það mikill barnaskapur að hugsa sér að nasistarnir þýsku bæru svo mikla virðingu fyrir þeirri lýðveldisstofnun smáþjóðar sem Bretar hersátu að þeim dytti ekki í hug að seilast hingað sem sigurvegarar að lokinni styrjöld enda þótt þeir gerðu Danmörk þýskt sambandsríki. Því er ekki að neita að ég ól með mér grunsemdir um að hraðskilnaðarmenn langaði til að sýna að þeir væru sérstaklega áhugasamir og árvakrir í sjálftæðisbaráttunni. En það er ekki vert að gera þeim neitt upp. En ekki finnst mér rök þeirra sannfærandi þegar Matthías rifjar þau nú upp fremur en þá.

Matthías kallar þá oft lögskilnaðarmenn sem vildu bíða með lýðveldisstofnun þar til úti væri frestur sambandslaganna. Ég held að það nafn hafi aldrei verið notað um þá. Þeir sem 1944 vildu bíða með formleg sambandsliit og lýðveldisstofnun þar til hernámi Danmerkur væri lokið nefndu sig lögskilnaðarmenn og ég held að það sé rétt að láta þá halda nafni sínu í friði. En það hafa fleiri en Matthías ruglast í þessu.

Kvöldúlfur og skuldaskil

Svo er helst að skilja af frásögn Matthíasar að stjórnarflokkarnir hafi ákveðið að ganga af Kvöldúlfi dauðum 1937 og lögbinda uppgjör hans. Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu frumvarp um uppgjör og skuldaskil. Framsóknarmenn beittu sér fyrir því að skuldir Kvöldúlfs yrðu tryggðar eða fyrirtækið gert upp að öðrum kosti.

Nú um hrið hafa ýmsir viljað halda því fram að nokkrir útgerðarmenn hafi verið gerðir gjaldþrota í byrjun kreppunnar, enda þótt þeir stæðu raunar vel og ættu meira en fyrir skuldum. Þetta á við um menn eins og Sæmund Halldórsson í Stykkis-

hólmi og Stefán Th. á Seyðisfirði. Þó mun enginn mótmæla því að þessir menn voru komnir í greiðslubrot með fyrirtæki sín og rekstur. Mér skilst að menn vilji telja þessi gjaldþrot pólitíska ofsókn Jónasar frá Hriflu.

Nú er rétt að hafa það í huga að þegar þessi gjaldþrotabú gáfust upp var Asgeir Asgeirsson fjármálaráðherra og stjórnskipulegur yfirmaður bankanna. Og það voru bankastjórnarnir sem urðu að taka ákvarðanir um það hvort þeir hættu fé bankanna í hendur þessara fyrirtækja eða ekki.

Auðvitað má lengi deila um það hvernig meta skuli eignir fyrirtækja. Þó er skiljanlegt að lánardrottinn sé hikandi við að meta þar langt yfir hugsanlegu söluverði á hverjum tíma. Litlar líkur eru til þess að þeir Sæmundur og Stefán hefðu stórbætt hag fyrirtækja sinna fyrstu árin eftir að upp var gert þótt þeir hefðu fengið að skulda meira. Ekki bætti Kvöldúlfur hag sinn 1931-1939.

Það sem gerðist 1937 er einfaldlega það að Kvöldúlfur átti ekki fyrir skuldum að mati lánardrottna. Því þótti ekki ráðlegt að lána honum nauðsynlegt rekstursfé að óbreyttu ástandi. Eigendur Kvöldúlfs og faðir þeirra áttu miklar eignir sem þeir settu að veði fyrir skuldum Kvöldúlfs. Út á þær lánaði Landsbankinn og Kvöldúlfur hélt áfram.

Þetta er einföld saga og auðskilin. Hins vegar er erfitt að skilja sögu Matthíasar. Vel má hugsa sér að einhverjir pólitískir andstæðingar Ólafs Thors hefðu talið pólitíska nauðsyn að ganga af Kvöldúlfi dauðum. En hefði svo verið vantar alveg skýringuna á því hvers vegna þeir hættu við það.

Matthías talar um að átökin um Kvöldúlf 1937 hafi orðið til þess að ríkisstjórnin féll. Þetta eru furðu-

Húsmunir á Kjarvalsstöðum

Kjarvalsstaðir og danska sendiráðið. Húsaagnasýning Rud Thygesen og Johnny Sörensen. Opin á safntíma.

Húsgögn

■ Það er ekki oft sem húsaagnasýningar eru haldnar á Kjarvalsstöðum, þótt fyrir hafi komið að mublur hafi verið á sýningum munahönnuða þar. Vestursalurinn hefur nú verið mubleraður upp og þótt hér standi húsaagnasýningarmúsið, eða smíða verksmíðjur í Danmörku auðvitað þar að baki, þá tel ég þetta framtak Kjarvalsstaða lofsvert, þótt deila megi um samkeppnislögmálin, eða hvort þessi sýning sé kaupstefna, eða „commercial“, eins og það er stundum nefnt til aðgreiningar frá heilögum markmiðum listarinnar.

Það er í sjálfu sér ekki út í hött að dönsk húsgögn, skuli synd á Íslandi. Hér á landi hafa danskar mublur um langa hrið verið taldar öðrum betri, og sú var tíðin, til sallar minningar, að naumast var talið sómasamlega búið að íslensku heimili, án þess að þar

